

G J A L D S K R Á

fyrir eftirlit ríkisins með raforkuvirkjum.

1. gr.

Eigandi raforkuvers skal greiða rafmagnseftirliti ríkisins árlegt gjald af því að upphæð kr. 1.00 — ein króna — af hverju kílówatti í málraun rafala orkuversins.

Rafmagnseftirlitið getur þó, að fengnu samþykki ráðherra, leyft, að þær rafveitur til almenningsþarfa, er hafa meira afl en sem svarar 200 wöttum á hvern íbúa orkuveitusvæðis, greiði eigi af því afli, sem þar er fram yfir.

2. gr.

Fyrir skoðun á raforkuvirkjum, sem eftirlitsskyld eru og sett verða undir eftirlit samkv. 10. gr. reglugerðar um raforkuvirki nr. 61 14. júní 1933, skulu eigendur virkjanna greiða rafmagnseftirliti ríkisins gjald, er reiknast eftir ákvæðum 3. gr.

3. gr.

Gjald fyrir skoðun eftirlitsskyldra raforkuvirkja reiknast eftir stærð og tegund virkjanna þannig:

1. Háspennuvirki:

a. Fyrir skoðun raforkuvers greiðist af hverju kw. í málraun rafala	kr.	0,30
b. Fyrir skoðun raforkuveitu greiðist af hverjum km. loftlinu og af hverri spenn- eða tengistöð	—	4,00
	—	3,00

2. Lágspennuvirki:

a. Rafveitur til almenningsþarfa:

Fyrir skoðun orkuvers og veitukerfis þeirra greiði

rafveita í kaupstað	—	100,00
rafveita í kaupþúni	—	50,00
enda sé stærð rafala hennar meiri en 10 kw. alls, ella....	—	25,00

b. Fyrir skoðun raflagna greiðist:

stofngjald af hverri lögn (húsveitu)	—	5,00
auk þess af fyrstu grein	—	3,00
og af hverri grein, sem þar er fram yfir	—	1,00

3. Fyrir skoðun raforkuvirkja, sem ekki falla undir 1. a. eða b., né undir 2. a. eða b., greiðist rafmagnseftirlitinu kostnaður eftir reikningi þess.

Skoðun eftirlitsskyldra raforkuvirkja fer að jafnaði fram einu sinni á ári.

Fyrir endurskoðun, er fram fer að loknum þeim fresti, sem eiganda er settur til lúkningar fyrirskipaðra endurbóta á virkjunum, greiðist ekkert gjald.

Hafi eigendur eða umráðamenn virkjanna vanrækt að bæta á fullnægjandi

hátt úr þeim göllum á virkjunum, sem fram höfðu komið við fyrri skoðun, þá skal greiða fullt gjald fyrir hverja nýja skoðun, sem gera þarf á virkjunum vegna þeirrar vanrækslu. 62
14. júní

4. gr.

Kostnaður, er rafmagnseftirlitið hefir af sérstöku eftirliti með uppsetningu virkja, sbr. 9. og 11. gr. reglugerðar um raforkuvirki, greiðist því eftir reikningi þess.

5. gr.

Fast árgjald af raforkuveri greiðist fyrirfram fyrir ár hvert og er gjald-
dagi 2. janúar. Það má taka lögtaki.

Gjald fyrir skoðun og eftirlit greiðist, er skoðun hefir farið fram innan þess frests, er rafmagnseftirlitið setur. — Sé gjaldið eigi greitt á tilteknum tíma, getur rafmagnseftirlitið stöðvað rekstur virkjanna unz það er að fullu greitt.

6. gr.

Verði ágreiningur um reikninga rafmagnseftirlits ríkisins fyrir framkvæmd eftirlits með raforkuvirkjum, sker ráðherra úr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932, um raforku-
virki og reglugerð um raforkuvirki nr. 61 14. júní 1933 til að öðlast gildi 1. júlí 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 8. jan. 1932 um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp. 63
15. júní

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisreksturs á útvarpi, er hér með gerð eftirfarandi breyting á reglugerð 8. jan. 1932 um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Verði útvarpsgjöldin ekki greidd innan tveggja vikna frá því er þau falla í gjalddaga, er heimilt að taka þau lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

Heimilt er útvarpsstjóra hvenær sem er eftir 1. júní að gera ráðstafanir til